

Auglýsing

97
30. okt.

um

breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vík í Mýrdal frá 4. janúar 1919.

Ljósgeöld samkvæmt 1. gr. gjaldskrár fyrir notkun rafmagns í Vík í Mýrdal frá 4. janúar 1919 skulu hækka úr 5 krónum upp í 8 kr. á ári fyrir hvert 16 kerta ljós.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem hreppsnefnd Hvammshrepps hefir samþykkt, staðfestist hjérmeð samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 30. október 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

98
5. nóvbr.

fyrir

rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Markmið raf- Rafmagnsveita Reykjavíkur er fyrirtæki, sem bæjarstjórn Reykjavíkur
magnsveit- stofnar til á kostnað bæjarsjóðs, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og
unnar. selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

2. gr.

Stjórn raf- Yfirstjórn rafmagnsmála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en fram-
magnsmála. kvæmdarstjórnin skal falin rafmagnsnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og
aðrar fastar nefndir innan bæjarstjórnar, eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn
bæjarmálefna, ásamt rafmagnsstjóra, sem bæjarstjórnin skipar eftir tillögum rafmagnsnefndar
og skal hann vera lærður rafmagnsfræðingur. Bæjarstjórnin setur honum erindisbrjef.

Rafmagnsnefndin skal skipuð borgarstjóra og 4 bæjarfulltrúum og er hún ásamt raf-
magnsstjóra rafmagnsstjórn. Rafmagnsstjóri er framkvæmdarstjóri rafmagnsveitunnar.

31. dag desembermánaðar 1920.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h. f.

98

3. gr.

5. nóvbr. **Verksvið raf-** Rafmagnsstjórn hefir á hendi stjórn rafmagnsveitunnar; sjer um viðhald **magns-** og umbætur og alt, er að starfrækslu veitunnar lýtur, sölu á raforku, fjárhald og **stjórnar.** reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafmagnsveitunnar og senda henni ársreikning veitunnar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Rafmagnsstjórn semur tillögur um, en bæjarstjórn setur nánari reglur, eftir því sem þörf gerist, um einstök atriði þessarar reglugjörðar, hún semur tillögur til gjaldskrár fyrir rafmagnsveituna, undirbýr og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála bæjarins.

Hún skipar alla fasta starfsmenn veitunnar eftir tillögum rafmagnsstjóra og setur þeim erlindisbrjef.

4. gr.

Verksvið raf- Rafmagnsstjóri annast daglega starfrækslu og reikningshald veitunnar, **magnsstjóra.** eftirlit og viðhald á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og allar verklegar framkvæmdir, er snerta veituna, þar á meðal þær, sem miða að því að halda uppi stöðugum rekstri og bæta úr truflunum. Hann hefir umsjón með rafmagnslagningu í bænum, sjer um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur

Rafmagnsstjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

5. gr.

Sala á Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku til þeirra þarfa, sem um getur í **raforku.** 1. gr. eftir því sem afl endist, allstaðar þar sem lagnir hennar ná til og við því verði, sem ákveðið er í gjaldskrá veitunnar á hverjum tíma.

Raforkan skal seld sem ein- eða þrífasa breytistraumur með 220 volta spennu og 50 sveiflum á sekúndu. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, má rafmagnsstjóri láta í tje raforku með annari spennu.

6. gr.

Takmörkun Rafmagnsstjóri getur lokað fyrir strauminn á helgidögum á þeim tíma, **eða truflun á** sem heimilisnotkun er alment minnst og að nóttu til í júní og júlí, í því skyni, að **rekstri.** eftirlíta veituna, svo og endranær, ef þörf gerist. Meðan verið er að leggja heimtaugar, má taka spennuna af þeim götutaugum, sem nauðsyn krefur. Alla stöðvun á rekstri skal auglýsa fyrirfram, ef auðið er. Komi það fyrir að minka þurfi notkun á raforku um lengri eða skemri tíma, ákveður bæjarstjórn eftir tillögum rafmagnsstjórnar hver notkun skuli fyrst takmörkuð.

Stöðvun eða takmörkun á rekstri rafmagnsveitunnar hefir ekki neinar skaðabótaskyldur á hendur veitunni í för með sjer, en koma skal reglulegum rekstri á aftur, eins fljótt og auðið er.

Þeir, sem kaupa raforku við föstu árgjaldi fá endurgreiddan tiltölulegan hluta af gjaldi sínu fyrir þann tíma, sem þeir missa raforkunnar vegna truflunar á veitunni, þó ekki fyrir skemri tíma en tvo sólarhringa.

7. gr.

Umsókn og Umsókn um notkun raforku skal stíluð sem umsókn um lagningu heim- **uppsögn.** tauga, eða um aukning á húsveitu, sem fyrir er, eftir því sem við á. Eyðublöð, undir slíkar umsóknir, lætur rafmagnsstjóri í tje. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hverra nota það er ætlað.

Uppsögn eða breyting á notkun raforku (við flutning og þ. 1.) skal tilkynt rafmagns-
stjóra með að minsta kosti hálf mánaðar fyrirvara.

98
5. nóvbr.

8. gr.

Rafmagns- Rafmagnsveitan lætur leggja heimtaugar frá götulögnum inn fyrir húsvegg,
lagning. að stofnvari og eru heimtaugar ásamt stofnvari eign hennar, en umsækjandi (sbr. 7. gr.)
skal að verkinu loknu greiða heimtaugagjald, sem bæjarstjórnin ákveður. Umsækjandi skal láta
einhvern löggiltan rafvirkja leggja húsveiturnar, eða rafmagnsstjóra, taki rafmagnsveitan slík
verk að sjer, en sjálfur stendur hann straum af kostnaðinum.

Rafmagnsstjóri ákveður hvers kyns mælitæki skulu notuð fyrir húsveitu hverri, hann
ákveður og stað fyrir þau og annast uppsetningu þeirra, sölu eða leigu.

Sjerhver húsveita að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröf-
um þeim, sem settar eru í reglugjörðum rafmagnsveitunnar.

9. gr.

Löggilding Rafmagnsstjórn löggildir þá menn, til lagninga á húsveitum, er sýnt hafa
rafmagns- að þeir sjeu hæfir til þess með því að fullnægja löggildingarskilyrðum. Þessir
virkja. menn verða kallaðir löggiltir rafmagnsvirkjar og skal rafmagnsstjórn ákveða lög-
gildingarskilyrði og setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, er falla undir verk-
svið þeirra. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sjer lagningu á húsveitum
eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snerti taugakerfi rafmagnsveitunnar.

Rafmagnsstjórn getur þegar henni þykir áætæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu
rafmagnsvirkja.

10. gr.

Eftirlit með Rafmagnsstjóri hefir eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum,
húsveitum sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagn og er starfsmönnum rafmagnsveitunnar
heimill aðgangur til eftirlitsins á öllum sanngjörnum tíma eða þegar nauðsyn krefur. Gallar
á húsveitum skulu tafarlaust bættir á kostnað eiganda. Sjeu gallar ekki bættir, eða meðan
galli er á veitu, og hætta getur stafað af honum fyrir reksturinn, getur rafmagnsstjóri rofið
samband við veituna, þar til úr er bætt. Verði uppvíst að straumur sje notaður á annan
hátt en um var samið eða raskað hefir verið mælitækjum, skal rafmagnsstjórn meta þann
straum, sem notaður hefir verið óleyfilega og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir
gjaldskránni fyrir allan þann tíma, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til
leiðrjett er, nema þyngri refsing liggi við.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera viðeigandi ráðstafanir, til
að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerst.

11. gr.

Greiðsla. Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórðaparti í senn fyrir hvern ársfjórð-
ung og eru gjalddagar 2. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október. Gjald eftir tölu kilóvatt-
stunda skal greitt mánaðarlega eftirá undireins og krafist er.

Sje gjald eigi greitt á rjettum gjalddaga er heimilt að taka straum af veitunni, en
þó ekki fyr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent gjald-
anda eða afhent í húsnæði því, er veita hans er í.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

98

5. nóvbr.

12. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari eða gegn reglugjörðum, sem settar verða samkvæmt henni varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafmagnsveitunnar skal hinn brotlegi þessutan bæta skaðann.

Sektir renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

13. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari eða á reglugjörðum, sem settar eru samkvæmt henni skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 um rafmagnsveitur og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 5. nóv. 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

99

5. nóvbr.

Reglugjörð

um

hafnsögu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hafnarnefnd Hafnarfjarðarkaupstaðar skipar hafnsögumenn svo marga sem þurfa þykir og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast ú hafnarsjóði.

2. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sjer eftir því, sem sagt er í reglugjörð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

3. gr.

Hafnarnefnd getur með 3ja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum. Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber af vanrækslu í starfi sínu.